

Nd.

366. Frumvarp til laga

[197. mál]

um vörugjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

Upphafsaðkvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 3. gr. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

3. gr.

Vörugjald skal vera 14% og leggst á vörur í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

1704.1000	2009.1101	2106.9021	2209.0000	7019.3901
1704.9001	2009.1109	2106.9022		7019.9009
1704.9002	2009.1901	2106.9029	3003.9004	
1704.9003	2009.1909	2106.9031		7213.1001
1704.9004	2009.2001		3004.5004	7213.2001
1704.9005	2009.2009	2201.1000	3004.9004	7213.3101
1704.9009	2009.3001			7213.3901
	2009.3009	2202.1001	3302.1002	7213.4101
1805.0001	2009.4001	2202.1009		7213.4901
1805.0009	2009.4009	2202.9001	3922.1000	7213.5001
	2009.5001	2202.9009	3922.2000	
1806.1000	2009.5009		3922.9001	7214.2001
1806.2001	2009.6001	2203.0001	3922.9009	7214.3001
1806.2009	2009.6009	2203.0009		7214.4001
1806.3100	2009.7001		6806.1000	7214.5001
1806.3201	2009.7009	2204.2101	6806.2000	7214.6001
1806.3209	2009.8001	2204.2901	6806.9001	
1806.9009	2009.8009	2204.3000	6806.9009	7217.1100
	2009.9001			7217.1900
1905.2000	2009.9009	2206.0000	6910.1000	7217.2100
1905.3000			6910.9000	7217.2900
	2106.9011	2208.9009		7217.3100
	2106.9019		7019.3101	7217.3900

7313.0000	8421.1201	8516.5000	8521.1009	8536.4900
	8421.3901	8516.6001	8521.9009	8536.5000
7314.2000		8516.6002		8536.6100
7314.3000	8422.1100	8516.6009	8522.1000	8536.6900
7314.4100		8516.7901	8522.9000	8536.9000
7314.4200	8450.1100	8516.7909		
7314.4900	8450.1200		8527.1100	8537.1000
7314.5000	8450.1900	8518.2100	8527.1900	8537.2000
	8450.2000	8518.2200	8527.2100	
7324.1000	8450.9000	8518.2900	8527.2900	8538.1000
7324.2100		8518.3000	8527.3100	8538.9000
7324.2900	8451.1000	8518.4000	8527.3200	
7324.9000	8451.2100	8518.5000	8527.3900	8543.8001
	8451.2900	8518.9000	8527.9009	8543.9001
7418.2000	8451.3001			
		8519.1000	8528.1009	8544.1100
7615.2000	8452.1000	8519.2100	8528.2009	8544.1900
		8519.2900		8544.2000
8414.5101	8479.8901	8519.3100	8529.1009	8544.3000
8414.5901		8519.3900	8529.9009	8544.4100
8414.6001	8481.1000	8519.4000		8544.4900
8414.8001	8481.2000	8519.9100	8535.1000	8544.5100
	8481.3000	8519.9901	8535.2100	8544.5900
8418.1001	8481.4000	8519.9909	8535.2900	8544.6000
8418.2100	8481.8000		8535.3000	8544.7000
8418.2200	8481.9000	8520.1000	8535.4000	
8418.2900		8520.2000	8535.9001	9007.1000
8418.3001	8509.2000	8520.3100	8535.9009	9007.1900
8418.4001	8509.3000	8520.3900		9007.2100
8418.6101	8509.8000	8520.9001	8536.1000	9007.2900
8418.6901	8509.9000	8520.9009	8536.2000	9007.9100
			8536.3000	9007.9200
	8516.4009		8536.4100	

Gjaldskyldir aðilar.

4. gr.

Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

- Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.
- Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. Sama á við um þá sem annast heildsöluadreifingu vöru sem um ræðir í þessum tölulið, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 2. tölul. 1. mgr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

Gjaldstofn.

5. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af gjaldskyldum vörum sem eru framleiddar, unnið að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi er heildsöluverð þeirra, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Annist innlendir framleiðandi gjaldskyldrar vöru ekki jafnframt heildsölu hennar heldur selur hana heildsala skal hann reikna vörugjald af verksmiðjuverði vörunnar. Verksmiðjuverð vöru er söluverð framleiðanda hennar án vörugjalds.

Heildsali, sem kaupir gjaldskyldar vörur af innlendum framleiðanda á verksmiðjuverði, skal reikna vörugjald af heildsöluverði sínu, sbr. 1. mgr., að frádregnu innkaupsverði vörunnar, sbr. 2. mgr.

Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnisvörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vöru, skal heildarandvirði hennar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

7. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt tollum við tollafgreiðslu.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendar framleiðslu, aðvinnslu eða pökkunar er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs það vörugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum.

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila innan mánaðar frá því að hverju uppgjörstímabili lýkur.

9. gr.

Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því vörugjald, er heimilt að draga innkaupsverð vörunnar frá gjaldstofni, sbr. 6. gr., og reikna vörugjald af þannig fengnum mismun. Sama á við um heildsala sem keypt hefur vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, sbr. 6. gr.

10. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

11. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vörflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og lög nr. 33 29. maí 1980, lög nr. 80 28. desember 1980, lög nr. 82 28. desember 1981, 7. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 75 28. desember 1983 og lög nr. 126 31. desember 1984, um breyting á þeim lögum, lög nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981, um breyting á þeim lögum, 54. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 og 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, með síðari breytingum. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, falla úr gildi frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 15. janúar 1988 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1988 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1988 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum.

Við sölu eða afhendingu af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldrar vöru eiga 1. janúar 1988, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1988 á gjaldskyldum vörum samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.